

Dagsetning
6.3.2008

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til laga um frístundabyggð, 372. mál, heildarlög.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Frumvarpið virðist koma á föstum reglum þar sem óljós ákvæði hafa verið til þessa. Það er samið eftir tillögum starfshóps þar sem ætla má að öll helstu sjónarmið varðandi frístundabyggð ættu að hafa komið fram. Stofnunin sér því ekki forsendur til annars en að fallast á lagasetninguna.

Virðingarfyllst



Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar